

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir

Tíma fjöldi: 10 kst. á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Byrjendalæsi, Halló Heimur 1 og 2, Litla Lesrún, Ritrún 1, Skrift 1a og 1b, Námsþing og gagnvirk efni s.s. Grapho game, krakkaleikir á mms.is, Orðagull, Stafaleikurinn og fleira. Lestrarbækur, stílabækur, verkefna- og úrklippubækur og fl.

Hluti verkefnanna eru unnin í samþættingu við náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni.

Námsþættir	Hæfnivíðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál og hlustun	Að nemandi: - þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði, - þjálfist í að endursegja efni sem hlustað hefur verið á eða lesið, - þjálfist í að segja frá eftirminnilegum atburði, - þjálfist í að hlusta og horfa með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og þjálfist í að greina frá upplifun sinni, - þjálfist í að lýsa ákveðnu fyrirbæri, - geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	- Upplestur - Byrjendalæsi - Þemavinna	Símat á almennri þátttöku í umræðum, hópvinna og öðrum verkefnum í kennslustundum.
Lestur og bókmenntir	Að nemandi: - geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr, - þjálfist í að tengja þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess, - þjálfist í að lesa ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.	- Lesi fyrir kennara - Byrjendalæsi - Vinna með lesskilningstexta	Lesfimiþróf Stafakannanir
Ritun	Að nemandi: - þjálfist í að draga rétt til stafs og skrifa skýrt og læsilega, - geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð, - þjálfist í að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu, - þjálfist í að beita einföldum stafsetningarreglum.	- Byrjendalæsi - Skriftarbakur - Orðaskrift - Sögugerð	Símat og leiðsagnarmat
Málfræði	Að nemandi: - geti þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, - þjálfist í að leika sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	- Byrjendalæsi - Málfræðiæfingar - Leikir	Símat og leiðsagnarmat

Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D. Einnig eru verkefnin metin sem lokin/ólokin

